

ÓLAFUR GRÉTAR KRISTJÁNSSON

EUROPEAN QUALIFICATIONS FRAMEWORK (EQF)

Í júlí 2005 hófst meðal aðildarríkja Evrópusambandsins samráð um svokallað European Qualifications Framework, skammstafað EQF. EQF er ætlað að gera aðildarríkjunum og þeim löndum, sem taka þátt í menntastarfi ESB er lýtur að markmiðum Lissabon-ferlisins, kleift að tala einni tungu um þá færni og þekkingu sem stefnt er að í námi, allt frá lokum grunnskóla til þriðju háskólagráðu. EQF byggist á almennri lýsingu á færni, þekkingu og hæfni sem aflað er í námi og skiptist í 8 þrep þar sem þrep 6-8 jafngilda námi á háskólastigi en þrep 1-5 námi frá lokum grunnskóla og að háskólanámi. Þekkingarþrepi lýsa því sem námsmaður veit, skilur og er fær um að gera að námi loknu, óháð því hvar hann stundaði nám sitt, óháð sérstökum aðstæðum í menntastofnun eða landi. Þannig tekur þetta kerfi einnig til þekkingar eða færni sem aflað er utan hins hefðbundna menntakerfis, í símenntun eða hjá óháðum fræðsluaðilum. Sjónum er beint frá ílagi náms (input), svo sem lengd náms eða tegund menntastofnunar, og að afrakstri eða útkomu (outcome) náms.

EQF býður upp á betri samsvörun milli þarfa vinnumarkaðarins og námsframboðs einstakra fræðsluaðila. Það býður einnig upp á viðurkenningu á óformlegu og formlausu (non-formal, informal) námi og flutning og hagnýtingu prófskírteina eða annars vitnisburðar náms milli landa og skólakerfa.

Samráðið stóð fram í desember 2005 og var hugmyndinni almennt vel tekið. Var niðurstaðan sú að sumar þjóðir ákváðu að innleiða landskerfi um flokkun þekkingar og færni sem getur tengst EQF, aðrar munu hugleiða málið áður en ákvörðun verður tekin. Evrópusambandið leggur áherslu á að ákvörðun um upptöku landskerfis liggja hjá hverri þjóð fyrir sig en bendir á mikilvægi slíks kerfis til þess að auka gagnsæi prófskírteina og annars vitnisburðar um nám í þeim tilgangi að efla hreyfanleika námsmanna og för launafólks innan Evrópu.

Í september sl. samþykkti framkvæmdastjórn ESB síðan drög að tilmælum (recommendation) Evrópuþingsins og ráðsins um EQF. Við það tækifæri sagði Ján Figel, menntamálastjóri ESB: „Evrópuþingur þurfa oft að horfast í augu

við hindranir þegar þeir reyna að flytja sig um set milli landa í þeim tilgangi að leggja stund á nám eða að vinna eða þegar þeir vilja bæta við fyrra nám sitt eða starfsþjálfun. EQF mun verða gagnlegt við að leysa þann vanda. Það mun gera mismunandi prófskírteini einstakra landa skiljanlegri um gervalla álfuna og auka þannig aðgang að menntun og starfsþjálfun. Þegar kerfið hefur verið samþykkt mun það auka hreyfanleika námsfólks og launamanna. Það er trú okkar að EQF-frumkvæðið leiki lykilhlutverk í að skapa fleiri störf og efla hagvöxt og muni hjálpa fólki í Evrópu að takast á við verkefni alþjóðavæðingar og efnahagskerfis þekkingarsamfélagsins.“

Ísland hefur tekið þátt í hinu svokallaða Lissabon-ferli í menntun og var m.a. aðili að hinni svokölluðu Kaupmannahafnaryfirlýsingu 2002 um aukið samstarf aðildarríkja í starfsmenntun. EQF er eðlilegt framhald þeirrar vinnu og var af þeim sökum leitað eftir styrk til ESB til þess að vinna hugmyndavinnu til þess að kanna kostina við innleiðingu landskerfis af því tagi er að ofan greinir og getur tengst EQF. Sú hugmyndavinnu fór fram með stuðningi Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands vorið 2006 og hlaut hugmyndin um landskerfi, er flokkar afrakstur náms, góðar undirtektir í vinnuhópi sem falið var að ræða málið. Bent var á að landskerfi um flokkun þekkingar og færni fellur vel að námsskrágerð fyrir starfsnám á framhaldsskólastigi sem öll miðast við afrakstur náms. Einnig getur það mætt þeirri miklu grósku sem verið hefur í símenntun og fullorðinsfræðslu hér á landi síðustu árin og svarað þörfum vinnumarkaðarins og launafólks fyrir mat á fyrra námi og starfsreynslu.

Í framhaldinu mun menntamálaráðuneytið kanna kosti þess að innleiða kerfi af þessu tagi en benda má á að í nýsettum háskólaögum er gert ráð fyrir svona kerfi fyrir nám á háskólastigi. Í 5. gr. laga nr. 63/2006, um háskóla, segir að menntamálaráðherra gefi út formleg viðmið um



Ólafur Grétar Kristjánsson



æðri menntun og prófgráður sem eru kerfisbundin lýsing á prófgráðum og lokaprófum þar sem lögð er áhersla á almenna lýsingu á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn hafa tileinkað sér í lok náms síns. Viðmið um prófgráður á háskólastigi eru hliðstæð þeim færniviðmiðum sem að ofan eru nefnd og falla að sumu leyti saman við EQF-kerfið.

UM HÖFUNDINN

Ólafur Grétar Kristjánsson er með sveinspróf í stálvirkja-smíði, fil.kand.-próf frá Lundi í félagsfræði og hagsögu, BA-próf í íslensku frá HÍ, kennsluréttindi í íslensku frá sama skóla og meistaraþróf í opinberri stjórnsýslu, einnig frá Háskóla Íslands. Hef starfað í menntamálaráðuneytinu s.l. 10 ár. Meðal málaflokka sem ég hef komið að eru starfsmenntun, námskrármál, fullorðinsfræðsla, auk alþjóðlegs samstarfs um þessi efni.